
Allt að 2.500 tonna framleiðsla á laxi og laxaseiðum á ári við Laxabraut, Þorlákshöfn Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 2. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Laxa fiskeldis að matsáætlun vegna allt að 2.500 tonna framleiðslu á laxi og laxaseiðum á ári við Laxabraut 9 á Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvaelastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGD FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Allt að 2.500 tonna framleiðsla á laxi og laxaseiðum á ári í eldisstöð Laxa fiskeldis ehf. við Laxabraut 9, Þorlákshöfn. Tillaga að matsáætlun. Apríl 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvubréfi dags. 5. september 2018.
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 29. maí 2018.
- Hafrannsóknastofnun með tölvubréfi dags. 29. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvubréfi 6. júní 2018.
- Matvaelastofnun með tölvubréfi 23. maí 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi 25. maí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubréfi 23. maí 2018.
- Orkustofnun með tölvubréfi 15. maí 2018.
- Samgöngustofu með tölvubréfi 4. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi 28. maí 2018.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Óttari Yngvasyni með bréfi dags. 23. maí 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 7. júlí 2018 og með tölvupósti 30. janúar 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Afhending seiða í brunnbát

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að seiði verði flutt frá stöðinni til áframeldis í sjókvíum með brunnbát. Seiðum verði komið í brunnbát með því að dæla þeim í gegnum lögn sem fleytt verði á sjó og tengd brunnbát í um 260 m frá landi.



Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt sé að framkvæmdaraðili geri vel grein fyrir því hvernig afhending seiða fari fram og að hætta á sleppingu fiska verði lágmörkuð en sjólag geti verið erfitt á þessum slóðum. Þá þurfi að lýsa því hvernig tæmingu dælislagna verði háttar. Jafnframt telur stofnunin að ástæða sé til að gera áhættumat vegna flutnings fiska og seiða um svo langa vegalengd út í bát sökum staðháttar og reifa valkostí við flutning frá stöðinni.

Að mati Fiskistofu þarf að fjalla um reynslu af flutningi seiða í brunnbáta með slöngu líkt og fyrirhugað sé.

Óttar Yngvason bendir á í athugasemd sinni að áhætta felist í flutningi seiða frá eldisstöð með fljótandi slöngu í brunnbát í 260 m fjarlægð frá landi. Fjalla verði nánar um það fyrirkomulag og hvernig koma eigi í veg fyrir slys og óhöpp og hvaða aðgerðir séu fyrirhugaðar ef slangan rofnar.

Í svörum Laxa fiskeldis segir að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir flutningi laxa úr stöð og þeim varúðarráðstöfunum sem notaðar eru til að koma í veg fyrir að seiði sitji eftir í dælislöngu. Ekki verði unnið sérstakt áhættumat vegna dælinganna en gerð verði grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar séu við flutninga, verklagsreglum og veðurskilyrðum. Fjallað verði um reynslu af dælingu seiða í brunnbát og mögulega áhættuþætti er þann þátt varða.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því fyrirkomulagi sem verður viðhaft við afhendingu seiða í brunnbát, þ.m.t. tæmingu dælislöngu. Gera þarf grein fyrir helstu áhættuþáttum varðandi afhendingu seiða og þeim varúðarráðstöfunum sem verða viðhafðar. Fjalla þarf um hættu á slysasleppingum með hliðsjón af reynslu erlendis frá. Þá þarf að fjalla um aðra valkostí varðandi afhendingu seiða í brunnbát.

Úrgangur og frárennsli

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að frárennsli frá botni fiskeldiskera verði beint í sérstakan kassa sem safni saman úrgangi og dauðfiski. Frárennsli verði veitt frá kerum og beint til sjávar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að hreinsun frárennslis sé nauðsynleg skv. ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp Stofnunin telur að breyta þurfi fyrirhugaðri framkvæmd svo að frárennsli fari að minnsta kosti í gegnum eins þreps hreinsun. Staðsetning og frágangur frárennslislagnar sé ekki skýr í tillögu að matsáætlun. Tilhögun frárennslis þurfi að vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Í svari Laxa fiskeldis segir að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir efnasamsetningu og magni næringarefna sem koma til með að losna í viðtaka auk þess að fjallað verði um líklega dreifingu fóðurleyfa. Einnig verði gerð grein fyrir því hvernig frárennsli samræmist reglugerð nr. 798/1999. Fjallað verði um hugsanleg áhrif losunar á lífríki í nágrenni við viðtaka ásamt því að tekin verði saman lýsing á lífríki í fjöru og grunnsævi til að leggja mat á grunnástand.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frárennsli fullnægi reglugerð nr. 798/1999. Fjalla þarf um síunararbúnað sem áformað er að nýta til að safna úrgangi og dauðfiski og hvað gert sé við þann úrgang. Setja þarf fram valkostí sem uppfylla skilyrði um legu frárennslislagna og hreinsun frárennslis skv. gr. 7 og 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 eða að öðrum kosti rökstyðja hvers vegna þeir kostir koma ekki til greina.

Vatnsgæði viðtaka og lífríki

Að mati Hafrannsóknastofnunar þarf að gera nákvæma grein fyrir losun næringarefna til sjávar og hugsanlegum áhrifum á viðtaka og lífríki hans. Lýsa þurfi grunnástandi viðtaka, viðmiðum sem nota skuli við mat á umhverfisáhrifum, einkennum áhrifanna og hugsanlegum mótvægisáðgerðum auk vöktunar.



Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram ítarleg umfjöllun um efnasamsetningu og það magn næringarefna, í uppleystu og föstu formi, sem kemur til með að losna frá eldisstöðinni í viðtaka. Þá beri að fjalla um áhrif þess frárennslis á lífríki viðtaka með dreifingarlíkönum. Þá telur stofnunin mikilvægt að fjallað verði um stöðu lífríkis í viðtaka við númerandi starfsemi þar sem áhrif fráveitu frá eldi gætir hvað mest og þau áhrif sem framleiðsluaukning muni hafa á það lífríki.

Í svörum Laxa fiskeldis segir að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir efnasamsetningu og magni næringarefna sem koma til með að losna í viðtaka auk þess að fjallað verði um líklega dreifingu fóðurleifa. Fjallað verði um hugsanleg áhrif losunarar á lífríki í nágrenni við viðtaka ásamt því að tekin verði saman lýsing á lífríki í fjöru og grunnsævi til að leggja mat á grunnástand. Auk þess sem fjallað verði um hugsanlegar mótvægisáðgerðir og vöktun.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um lífríki í fjöru og grunnsævi ásamt því að fjalla um grunnástand viðtaka. Gera þarf grein fyrir efnasamsetningu og magni næringarefna sem koma til með að losna í viðtaka, fjalla um líklega dreifingu næringarefna og leggja mat á líkleg áhrif frárennslis á lífríki. Þá þarf að fjalla um mótvægisáðgerðir vegna frárennslis og vöktun.

Villtir laxfiskar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum á villta laxfiska m.t.t. sjúkdóma og sleppivarna í stöðinni auk þess að fjallað verði um viðbragðsáætlun við slysasleppingum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að fyrirhugað sé að rækta kynbættan lax í stöðinni, bæði til slátrunar og til áframeldis í sjókvíum. Eldisstöðin sé því liður í að dreifa kynbættum laxi af norskum uppruna um landið. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að gera grein fyrir kostum og göllum þess, gagnvart náttúrulegum laxastofnum, að vera með eldi í lokuðu kerfi ásamt því að gera grein fyrir þætti stöðvarinnar í hugsanlegum áhrifum á náttúrulega laxastofna.

Í svari Laxa fiskeldis segir að um sé að ræða seiðaeldi á landi en ekki sjókvíaeldi. Ekki verði gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum sjókvíaeldis vegna þessarar framkvæmdar.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að fiskeldisstöðvar á landi þurfi að vera með búnað sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði í frárennslu stöðvar sem fangar fisk.

Í svari Laxa fiskeldis segir að gerð verði nánari grein fyrir sleppivörnum í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikanum á slysasleppingum úr eldisstöð og mögulegum áhrifum þess á villta laxa. Gera þarf skýra grein fyrir sleppivörnum stöðvar í frummatsskýrslu.

Grunnvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um fyrirhugaða vatnstöku og vatnsbúskap í nágrenni við eldissvæðið út frá eldri heimildum Orkustofnunar. Jafnframt að gerð verði grein fyrir vöktun á vatnsstöðu borhola á meðan eldisstarfsemi stendur.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf í frummatsskýrslu að vera nákvæm umfjöllun um það magn vatns sem nýta á í eldið og umfjöllun um stöðu vatnsbóla þaðan sem vatn er fengið. Stofnunin telur að fjalla þurfi um niðurstöður athugana á tilraunaborholu á norðurhluta lóðarinnar og fjölda borhola sem þurfi fyrir ferskvatnstöku vegna eldis auk áætlana um hvert skuli sækja ferskvatn fáist ekki nægt ferskvatn á svæðinu.

Í svari Laxa fiskeldis segir að fjallað verði um endurnýtingu vatns og reynslu af vatnstöku á eldissvæði í frummatsskýrslu.



Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir heildarársnotkun grunnvatns. Gera þarf grein fyrir grunnvatnsstöðu á svæðinu og líklegum áhrifum vatnsvinnslu á hana. Gera þarf grein fyrir fjölda fyrirhugaðra borhola og staðsetningu þeirra. Fjalla þarf um niðurstöður athugana á tilraunaborholu á norðurhluta lóðar félagsins.

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að liggja fyrir nákvæm lýsing á annarri starfsemi í nágrenni landeldisstöðvar Laxa fiskeldis sem losar frárennslí í sjó sunnan Þorlákshafnar. Þá þurfi að fjalla ítarlega um samlegðaráhrif framleiðsluauknningar með öðru eldi á svæðinu auk þess að tilgreina þurfi önnur áform um framleiðsluaukningu á svæðinu.

Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi grein fyrir samlegðaráhrifum með starfsemi annarra fyrirtækja á svæðinu á alla umhverfisþætti.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar Laxa fiskeldis með öðrum fiskeldisstöðvum með tilliti til vatnsvinnslu. Sú umfjöllun þarf að ná til núverandi vatnsnotkunar sem og áformaðar vatnstöku. Jafnframt þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar og annarrar starfsemi í nágrenni hennar með tilliti til frárennslis og áhrifa þess á viðtaka og lífríki.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTÁÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Laxa fiskeldis að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemnum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því fyrirkomulagi sem verður viðhaft við afhendingu seiða í brunnbát, þ.m.t. tæmingu dælislöngu. Gera þarf grein fyrir helstu áhættubáttum varðandi afhendingu seiða og þeim varúðarráðstöfunum sem verða viðhafðar. Fjalla þarf um hættu á slysasleppingum með hliðsjón af reynslu erlendis frá. Þá þarf að fjalla um aðra valkostu varðandi afhendingu seiða í brunnbát.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frárennslí fullnægi reglugerð nr. 798/1999. Fjalla þarf um síunarbúnað sem áformað er að nýta til að safna úrgangi og dauðfiski og hvað gert sé við þann úrgang. Setja þarf fram valkosti sem uppfyllir skilyrði um legu frárennslislagna og hreinsun frárennslis skv. gr. 7 og 9.2 í reglugerð nr. 798/1999 eða að öðrum kosti rökstyðja hvers vegna þeir kostir koma ekki til greina.
3. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um lífríki í fjöru og grunnsævi, gera grein fyrir efnasamsetningu og magni næringarefna sem koma til með að losna í viðtaka, fjalla um líklega dreifingu næringarefna og leggja mat á líkleg áhrif frárennslis á lífríki. Þá þarf að fjalla um mótvægisáðgerðir vegna frárennslis og vöktun.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikanum á slysasleppingum úr eldisstöð og mögulegum áhrifum þess á villta laxa. Gera þarf skýra grein fyrir sleppivörnum stöðvar í frummatsskýrslu.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir heildarársnotkun grunnvatns. Gera þarf grein fyrir grunnvatnsstöðu á svæðinu og líklegum áhrifum vatnsvinnslu á hana. Gera þarf grein fyrir fyrirhuguðum fjölda borhola og staðsetningu þeirra. Fjalla þarf um niðurstöður athugana á tilraunaborholu á norðurhluta lóðar félagsins.



-
6. Fjalla þarf um samlegðaráhrif eldisstöðvar Laxa fiskeldis með öðrum fiskeldisstöðvum með tilliti til vatnsvinnslu. Sú umfjöllun þarf að ná til núverandi vatnsnotkunar sem og áformaðrar vatnstöku. Jafnframt þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar og annarrar starfsemi í nágrenni hennar með tilliti til frárennslis og áhrifa þess á viðtaka og lífríki.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 8. febrúar 2019


Jakob Gunnarsson


Egill Þórarinsson